

AUGLÝSING

um staðfestingu reglugerðar fyrir Tónlistarskóla Grundarfjarðar.

Með vísan til 2. gr. laga um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla, nr. 75/1985, staðfestist hér með reglugerð fyrir Tónlistarskóla Grundarfjarðar, sem samþykkt var af bæjarstjórn Grundarfjarðar hinn 10. apríl 2014 og birtist sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

Mennta- og menningarmálaráðuneytinu, 6. maí 2014.

Illugi Gunnarsson.

Ásta Magnúsdóttir.

Fylgiskjal.

Reglugerð fyrir Tónlistarskóla Grundarfjarðar.

1. gr.

Skólinn heitir Tónlistarskóli Grundarfjarðar. Skólinn er eign Grundarfjarðarbæjar og fer bæjarstjórn með yfirstjórn hans. Skólinn starfar samkvæmt lögum um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla nr. 75/1985, með síðari breytingum.

2. gr.

Markmið skólans er að veita almenna tónlistarfræðslu, stuðla að iðkun tónlistar og vinna að eflingu tónlistarlífs í Grundarfirði.

Þessum markmiðum hyggst skólinn meðal annars ná með því að

halda uppi kennslu í sem flestum greinum tónlistar, þar sem nemendum er gefinn kostur á að stunda nám eftir því sem aðstæður leyfa og með samvinnu við aðra skóla og uppeldisstofnanir um þessa fræðslu;

búa nemendur undir framhaldsnám í tónlist;

leggja áherslu á félagslegt gildi tónlistariðkunar með þátttöku nemenda í samleik og samsöng; skólinn eigi hljóðfæri sem verði leigð nemendum eftir því sem kostur er.

3. gr.

Bæjarstjórn kýs fimm menn í skólanefnd og jafnmarga til vara til fjögurra ára í senn að loknum hverjum sveitarstjórnarkosningum. Skólanefnd hefur umsjón með málefnum skólans í umboði bæjarstjórnar.

4. gr.

Bæjarstjórn ræður skólastjóra að fenginni umsögn skólanefndar. Skólastjóri í umboði bæjarstjóra ræður aðra starfsmenn skólans. Við ráðningu skal þess ávallt gætt að bæjarstjórn hafi samþykkt stöðuheimildir. Um laun, viðverutíma og vinnuskyldu starfsmanna fer eftir gildandi kjarasamningi milli viðkomandi stéttarfélags annars vegar og Sambands íslenskra sveitarfélaga hins vegar.

5. gr.

Skólastjóri og skólanefnd hafa forystu um að móta listræna og faglega stefnu skólans. Skólastjóri fer með daglega stjórnun. Hann ber ábyrgð á að skólastarfið sé í samræmi við samþykktu kennslu- og fjárhagsáætlun. Hann skal framfylgja samþykktum skólanefndar enda samrýmist þær fjárhagsáætlun skólans. Skólastjóri ráðstafar húsnæði og hefur yfirumsjón með eignum skólans.

Skólastjóri kemur fram fyrir hönd skólans gagnvart starfsmönnum og nemendum svo og aðilum utan skólans.

6. gr.

Skólastjóri, í samráði við skólanefnd, skal eigi síðar en 1. maí ár hvert senda kennsluáætlun næsta skólaárs til bæjarstjórnar. Skólastjóri í samráði við skrifstofustjóra skal semja drög að fjárhagsáætlun fyrir bæjarstjórn til endanlegrar afgreiðslu.

7. gr.

Rekstur skólans skal greiðast með fjárveitingum á fjárhagsáætlun Grundarfjarðarbæjar, skólagjöldum nemenda og öðrum þeim tekjum sem skólanum kunna að áskotnast. Bæjarskrifstofa Grundarfjarðar annast greiðslur launa og rekstrarreikninga, sem og bókhald tónlistarskólans.

8. gr.

Skólaárið er u.þ.b. níu mánuðir árlega. Því lýkur með prófum. Skólastjóri og skólanefnd geta sett reglur um starfsemi skólans er kveði nánar á um réttindi og skyldur nemanda, próf, tímasókn, tónleikahald o.fl.

Leitast skal við að samræma starfstíma tónlistar- og grunnskóla eins og kostur er.

9. gr.

Að jafnaði skal ekki krafist inntökuprófs í skólann, en skólinn áskilur sér rétt til þess að víkja nemanda úr skólanum ef kennari eða skólastjóri telja hann ekki sýna þá hæfni eða ástundun sem þeir telja nauðsynlega til árangurs.

10. gr.

Skólagjöld eru ákveðin af bæjarstjórn. Skólagjöld skal greiða í upphafi hverrar annar.

11. gr.

Reglugerð þessi er samþykkt af skólanefnd 11. mars 2014 og við síðari umræðu í bæjarstjórn Grundarfjarðar 9. apríl 2014.

Grundarfirði, 10. apríl 2014.

Björn Steinar Pálmason bæjarstjóri.